



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Upplýsingar varðandi stöðu leikskólans Grandaborgar***

Í lok árs 2021 vaknaði grunur um að húsnæði leikskólans Grandaborgar, við Boðagranda í Reykjavík, væri heilsuspillandi vegna lélegra loftgæða og rakamyndunar. Unnið var að úrbótum og greiningu á vandanum fyrri hluta árs 2022 en um vorið greindist mygla í húsinu. Um sumarið var húsið mygluhreinsað en það hafði ekki tilætluð áhrif. Í september 2022 kom í ljós að aðalorsökin fyrir slæmum loftgæðum væri skriðkjallari undir húsinu og hönnun á loftræstikerfi. Ennfremur kom í ljós að skólprör hafði farið í sundur vegna þess að húsið hefur sigið á liðnum árum. Þar af leiðandi hafði skólp seytilað ofan í jarðveg í kjallaranum. Loftræstikerfið blæs svo lofti úr kjallaranum, upp í húsnæði leikskólans. Einnig var vöntun á betri þéttingu á milli hæða í húsinu. Í kjölfarið var ákveðið að loka leikskólanum og í október sl. var starfsemin flutt á þrjá staði. Það er í Ævintýraborg við Eggertsgötu (22 börn), í Ævintýraborg við Nauthólsveg (15 börn) og í Kringluna 1 (27 börn), þar sem búið var að standsetja tímabundið leikskólahúsnæði. Fyrir í Kringlunni 1 var leikskólinn Sunnuás og leikskólinn Laugasól hafði nýlega verið tímabundið í sama rými og Grandaborg fékk til umráða.

Foreldrar og starfsfólk voru upplýst um þessa tilhögun á fundi í Grandaskóla þann 4. október sl. Á fundinum var það eindregin ósk foreldra að færa starfsemi leikskólans á einn stað og í nærumhverfi leikskólans. Reynt hefur verið að finna hentugt húsnæði í Vesturbænum en án árangurs.

Til að bregðast við óánægju með staðsetningu leikskólastarfs í Kringlunni 1 var farið þess á leit að nota ný hús á lóð Hagaborgar fyrir þann hluta Grandaborgar. Var það samþykkt og á foreldrafundi þann 7. nóvember sl. í Grandaskóla var foreldrum tilkynnt þessi ákvörðun. Á sama fundi var farið yfir mælingar sem höfðu verið gerðar á ástandi húsnæðis Grandaborgar við Boðagranda og væntanlegar framkvæmdir sem áætlaðar eru í húsinu. Þar var upplýst um að skipta þarf um jarðveg í skriðkjallara og endurhanna loftræstikerfi ásamt mörgum öðrum verkþáttum. Erfitt var að gefa út nákvæma tímaáætlun vegna framkvæmdanna en samkvæmt aðilum frá umhverfis- og skipulagssviði má gera ráð fyrir allt að 12 mánaða framkvæmdatímabili.

Þann 14. nóvember sl. var haldin fundur með starfsfólki til að ræða óánægju sem hafði borið á í hópnum. Óánægjan sneri að því að starfsfólk hafi ekki verið upplýst um flutninga í Hagaborg og áætlaðar framkvæmdir í Grandaborg, á undan eða á sama tíma og foreldrar. Einnig bar á óánægju vegna húsnæðis í Kringlunni 1.

Fagstjóri leikskóla í Vesturmiðstöð og verkefnastjórar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs hafa stutt við bakið á stjórnendum og starfsfólki Grandaborgar á tímabilinu með ráðgjöf og stuðningi..



Fyrir fundinn með starfsfólki þann 14. nóvember sl. barst spurningalisti frá starfsmannahópnum þar sem krafist var svara um ýmsa þætti sem tengjast leikskólastarfinu og stjórnendum. T.d. hvort að börn og starfsfólk í Grandaborg yrðu hluti af þeim þremur leikskólum sem Grandaborg væri hýstur í. Sú umræða hafði komið upp á meðal foreldra á foreldrafundinum 7. nóvember og þá sem vangavelta með hag barnahópsins að leiðarljósi. Engin ákvörðun hafði verið tekin um það af hálfu skóla- og frístundasviðs.

Ein af spurningunum sneri að öryggi barna og starfsfólks í húsnæði Kringlunnar 1. Starfsfólk skoraði á skóla- og frístundasvið að upplýsa foreldra í Grandaborg um að húsnæðið í Kringlunni 1 væri heilsuspillandi.. Ekki hafa borist upplýsingar um áhyggjur frá öðrum vinnustöðum í sama húsnæði um heilbrigði húsnæðisins. Þá er það sérfræðiálit verkfræðistofunnar Eflu að húsnæðið sé ekki heilsuspillandi.

Leikskólastjóri Grandaborgar hafði sagt upp störfum en dró uppsögn sína til baka í byrjun desember sl. Þess ber að geta að óróleiki varð í starfsmannahópi og foreldrahópi eftir að fréttir bárust af því að stjórnandi hefði sagt upp störfum og einhverjum skildist að honum hefði verið sagt upp. Þrír starfsmenn sögðu upp störfum sem voru í 2,5 stöðugildum og fjölmargir foreldra sendu inn fyrirspurnir til SFS um málið. Með flutningum frá Kringlunni 1 í Hagaborg er þess vænst að sátt náist um starfsemi leikskólans þó ljóst megi vera að áskoranir fylgja þeirri stöðu sem uppi er varðandi húsnæðismál hans.